

Byko Silverline®


5-laga lagskipt plastefnisrör



BYGGIR MEÐ ÞÉR

Byko Silverline® rör eru súrefnisþétt lagskipt rör úr plastefni, sett saman úr 5 efnislögum.

Innra rörið og ysta lagið eru úr PE-RT til að hylja og verja hið viðkvæma EVOH-lag. Til að tryggja bestu hugsanlegu bindingu efnanna eru þau brædd saman með millilögum af fjölliðulíminu Adhäsiv-Polymer.




Hvers vegna þarf að verja súrefniskápana (EVOH)?

>> EVOH-lagið myndar óhemju virka vörn en er afar viðkvæmt


Raki sem kemst að súrefniskápunni getur gjöreyðilagt hana, sérstaklega ef hitastig er hátt. Þegar gefin er upp veggþykkt röra með utanálggjandi varnarlagi má samkvæmt gildandi stöðlum ekki telja varnarlagið með.

>> Hætta fyrir langtímaþörmuna

Í langtímaprófun við 95°C byrjar heita vatnið að veikja EVOH-húðina eftir nokkur hundruð klukkustundir. Hún bólgnar út og springur og hættir þar með að verja rörið. Af þessu má draga þá ályktun að utanaðkomandi raki (t. d. við lagningu) geti um síðir skemmt eða eyðilagt súrefniskápana.



Súrefnivörmin er afar viðkvæm fyrir raka. Ef vatn kemst að EVOH-kápunni bólgnar hún út og eyðileggst.



EVOH-kápan verður stökk, springur og losnar frá: það getur á löngu árabili valdið tæringu og útfellingum innan í rörinum.



Skemmt yfirborð getur valdið útfellingum innan í rörinu, en það sannar mikilvægi þess að súrefnisvörmin sé óskemmd.

>> Hætta á útfellingum og tæringu


Lengi var talið að það súrefnisinnstreymi sem kemst inn í kerfi vegna gegndræpis röra væri hverfandi í samanburði við það magn sem gæti borist inn eftir öðrum leiðum.

Áralöng reynsla okkur hefur hins vegar leitt í ljós að jafnvel minnstu skemmdir á súrefniskápunni geta valdið útfellingum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að nota eingöngu súrefnisþétt rör með tryggilega varinni súrefniskápu í lokuðum kerfum.

>> Besta lausnin: Byko Silverline® rör

5-laga samsetning Byko Silverline® röranna veitir súrefniskápunni langtíma vörn gegn skaðlegum áhrifum af utanaðkomandi raka.

þar að auki ver ytra PE-RT-lagið gegn hugsanlegum skemmdum á EVOH-húðinni við flutninga og lagningu röranna.



Samsetning röranna úr 5 lögum tryggir varanlega vörn gegn skemmdum á súrefniskápunni (EVOH-laginu).

Kostirnir í stuttu máli

>> Varanleg vörn gegn súrefnisinnstreymi

Súrefnisgegndræpi Byko Silverline® röranna er um 0,01 g/m³ x d og liggur því verulega undir mörkum staðalsins DIN 4726 (0,1 g/m³ x d). 5 laga samsetning röranna kemur örugglega í veg fyrir að súrefniskápan skemmist af raka eða hnjaski. Þess vegna mælir heldur ekkert á móti því að nota tengistykki sem þetta utanfrá.

>> Aukið þrýstipól

Álagsprófanir hafa sýnt fram á að Byko Silverline® rör þola meiri innri þrýsting en rör með sömu veggþykkt

sem eru án súrefniskápu (einnig við hátt hitastig). EVOH er sterkt efni með bræðslumark yfir 180°C!

>> Hægari öldrun

Veruleg ástæða fyrir öldrun plastefna er stöðug áhrif súrefnis á þau. Súrefnisinnstreymi í Byko Silverline® rörin er hins vegar ekkert og af því að súrefniskápan er svo vel varin breytist þetta ástand ekki. Þetta bætir enn hina frábæru eiginleika PE-RT efnisins.

>> Lágmarks rýrnun

Rýrnun Byko Silverline® röra er óvenju lítil: Rýrnun af völdum

hitasveiflna er aðeins frá 0,3% til 0,7%. Áframhaldandi rýrnun eins og til dæmis er þekkt í PE-X-rörum er engin í Byko Silverline® rörum.

>> Suðuhæfni

Vegna PE-RT lagsins utan á Byko Silverline® rörinum má bræða þau eða sjóða saman.

© Copyright: HPG Heizrohr Produktions GmbH
Ratingen, mars 2005

Þessi texti og allar upplýsingar sem honum fylgja eru háðar höfundarrétti. Án samþykkis HPG er öll nýting efnisins óleyfileg og refsiverð. Þetta gildir sérstaklega um fjölföldun, þýðingu, örfilmutöku svo og hvers konar rafræna vistun og vinnslu efnisins. Vandað hefur verið eins vel til allra upplýsinga í þessum texta eins og kostur var á. Ekki er þó hægt að útiloka einhverjar villur eða mistök þegar um er að ræða svo mikið upplýsingamagn. Því getum við ekki tekið ábyrgð á mistökum eða hugsanlegum tæknilegum breytingum né heldur á prentvillum.

BYKO HF.
Skemmuvegur 2
200 KÓPAVOGUR
ICELAND

Sími 515-4000
Email oskarbj@byko.is
gudmundur@byko.is

www.byko.is



BYGGIR MEÐ ÞÉR